

Lög

um

hækkun á vörutolli.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Gjald það, er ræðir um í lögum nr. 30, 22. okt. 1912, lögum nr. 45, 2. nóv. 1914, og lögum nr. 3, 5. júní 1918, skal hækka um 50%.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.